



SAMÞYKKT UM TÍMABUNDINN AFSLÁTT AF GATNAGERÐAGJÖLDUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra tímabundna heimild til niðurfellingar gatnagerðargjalda í samræmi við 6. gr. laga nr. 153/2006 og 5 gr. samþykktar Húnaþings vestra um gatnagerðargjöld nr. 1325/2023.

Sveitarstjórn samþykkir að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að 8 íbúðarhúsaloða sem afslátturinn mun ná til á Hvammstanga og Laugarbakka.

- Lóðirnar sem um ræðir verða skilgreindar á lista sem sveitarstjórn samþykkir.
- Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en 31. desember 2024 en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af byggðarráði.
- Sæki fleiri en einn um sömu lóðina gildir einnig útdráttur milli umsækjenda.
- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að umsækjandi hefur sex mánuði frá úthlutunardegi til að skila inn fullnægjandi byggingarnefndarteikningum og umsókn um byggingarleyfi. Byggingaframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára, „að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda“

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og lista yfir þær lóðir sem samþykktin nær til og felur sveitarstjóra að auglýsa hana.

Lóðir sem afsláttur gatnagerðargjalda nær yfir:

Hvammstangi

- Bakkatún 3
- Bakkatún 5
- Bakkatún 7
- Grundartún 2
- Grundartún 17
- Hlíðarvegur 21

Laugarbakki

- Teigagrund 7
- Gilsbakki 1-3

Samþykkt á 377. fundi sveitarstjórnar þann 11. janúar 2024

Spurleifur Ketilsson
Magnús Magnússon
Juglmar Sigurðsson
Elin Lilja Gunnarsd.

Sigríður Ólafsd.
Þorgeirur Auðni Þórsdóttir
Magnús Vign. Svavels